

Þingflokkur Frjálslynda flokksins

Vonarstræti 12, Alþingi.

Umsögn

Þskj. 3 – 3. mál

Tillaga til þingsályktunar um breytingar á stjórnarskrá í tilefni aldarafmælis heimastjórnar

Þingflokkur Frjálslynda flokksins getur tekið undir ofangreinda þingsályktunartillögu með fyrirvara um liði c. og e. Ástæðan er sú, að þingflokkur Frjálslynda flokksins hefur lagt fram þingmál varðandi þau mál sem þessir liðir fjalla um, þ.e. annars vegar um að landið verði eitt kjördæmi og hins vegar varðandi aðskilnað ríkis og kirkju. Við vekjum athygli á greinargerðum sem fylgja þessum þingmálum þingflokks Frjálslynda flokksins og teljum að þau gangi lengra en þessi þingsályktun gerir. Rétt er að nefna í þessu sambandi að frumvarp þingflokks Frjálslynda flokksins um aðskilnað ríkis og kirkju gerir ráð fyrir að þjóðin greiði um málið atkvæði í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Varðandi einstaka liði þeirrar þingsályktunar sem hér er veitt umsögn um, þá telur þingflokkur Frjálslynda flokksins til bóta að festa eignarréttarákvæði varðandi auðlindir þjóðarinnar í stjórnarskrá sbr. a-lið.

Varðandi b-lið teljum við æskilegt að nefnd skipuð fulltrúum allra flokka vinni að skoðun og tillögugerð vegna breytinga á stjórnarskrá þannig að hægt sé að framselja ríkisvald með takmörkunum til alþjóðastofnana ef þurfa þykir.

Þingflokkurinn gerir þó athugasemd við orðalagið í b-lið þar sem segir: *...þannig að hægt sé að framselja ríkisvald til alþjóðastofnana og samtaka sem vinna að friði og frelsi í viðskiptum milli þjóða* – og telur nauðsynlegt að skilgreina nánar hvaða samtök gæti verið vísað til í þessu samhengi.

Varðandi d-lið, þá styður þingflokkur Frjálslynda flokksins að leitt verði í stjórnarskrá ákvæði um að tiltekinn hluti landsmanna geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um mál og einnig að leitað verði leiða til að nýta nýja tækni til að auka lýðræðisleg áhrif almennings.

F-liður snýr að því sama og þingflokkur Frjálslyndra er hlynntur því.

Þingflokkur Frjálslynda flokksins telur mikilvægt að við endurskoðun stjórnarskrárinnar verði einnig hugað að breytingu á 46. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem kemur fram að Alþingi skeri sjálft úr, hvort þingmenn séu löglega kosnir. Með þessari stjórnarskrárgrein eru nýkjörmir þingmenn að dæma um lögmati eigin kosningar. Hvað varðar embætti forseta Íslands er mikilvægt að skoða 26. gr. stjórnarskrárinnar og heimild forseta til að synja lagafrumvarpi staðfestingar, en umræða um það ákvæði kemur upp í þjóðfélaginu á nokkurra ára fresti. Einnig er mikilvægt að huga að breytingu á 1. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar sem fjallar um stjórnarskrárbreytingar en telja verður eðlilegt að allar breytingar á stjórnarskránni verði að bera undir þjóðaratkvæði og að þjóðin sjálf yrði þar með stjórnarskrárgjafmn.

Við endurskoðun á stjórnarskránni er mikilvægt að stuðla að málefnalegri umræðu í samfélaginu um stjórnskipun og æðstu stjórn lýðveldisins og þær grundvallarhugmyndir sem hún á að byggja á. Þingflokkur Frjálslynda flokksins telur það grundvallaratriði við endurskoðun stjórnarskrárinnar að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um breytingar sem lagðar verði til við endurskoðun hennar. Þjóðaratkvæðagreiðsla um stjórnarskrána og sú umræða sem henni myndi óhjákvæmilega fylgja myndi auka mjög á vitund þjóðarinnar um þau grundvallarlög og þann ramma sem stjórnarskrá lýðveldisins Íslands er fyrir íslenskt samfélag.

Virðingarfyllt,
f.h. þingflokks Frjálslynda flokksins,

Margrét K. Sverrisdóttir
Margrét K. Sverrisdóttir,
framkvæmdastjóri.